

Ed.

107. Frumvarp til laga

[91. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Axel Jónsson, Jón Þorsteinsson, Steinþór Gestsson.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 3. mgr. 27. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Dómsmálaráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum þeim, sem greinir í 1. málslið, ef sérstaklega stendur á og um ræðir akstur á skólabörnum í sveitum, þegar skólanefnd hefur skipulagt slíkan akstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kostnaður af akstri á skólabörnum og unglingum í sveitum er oft einn hinna stærri útgjaldaliða við skólahaldið. Það er því eðlilegt, að skólanefndir leggi fyllsta kapp á að halda þessum kostnaði niðri eins og auðið er, en hann skiptist milli sveitarfélaga og ríkis. Margar skólanefndir hafa því brugðið á það að ráð að bjóða aksturinn út fyrir hvert skólaár innan sveitar eða skólahéraðs. Í stærri skólahverfum a. m. k. hefur þótt hagkvæmt að notast fremur við minni bifreiðar, t. d. jeppa, heldur en hinar stærri. Sérstaklega stytast þá akstursleiðir verulega. Er sá tímasparnaður vissulega mikils virði fyrir börnin, sem oftast hafa meir en nóg við tíma sinn að gera við námið sjálf.

Samkvæmt 3. mgr. 27. gr. umferðarlaga getur enginn fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann hafi m. a. staðizt viðbótarpróf (í daglegu tali nefnt meira próf) og fullnægi að öðru leyti skilyrðum nánar ákveðnum í reglugerð. Nú er oft og einatt sá hængur á víða um sveitir, að slíkir réttindamenn eru ekki til staðar. Þá hefur því raunin orðið sú, að bifreiðarstjórar án viðbótarréttinda hafa annast aksturinn, vafalaust eigi að síður ágætir ökumenn, þaukunnugir staðháttum og akstursleiðum.

Tryggingarfélag, a. m. k. sum þeirra, munu hafa tekið að sér farþegatryggingar, þegar þannig hefur staðið á, og aðrir aðilar ýmsir hafa einnig litið fram hjá réttindaleysi ökumannanna til þess að lama ekki aksturskerfið.

Það vandamál, sem hér er á ferð, þykir okkur flm. frv. rétt að leysa með þeim hætti, að dómsmálaráðherra fái í hendur heimild til þess að víkja frá áðurnefndum ákvæðum umferðarlaganna. Heimildin sé bundin því skilyrði, að sérstaklega standi á og um akstur á skólabörnum sé að ræða í sveitum úti. Miðum við flm. að sjálf-sögðu við það, að undanþága sé einungis veitt til eins skólaárs í senn og leitað sé umsagnar lögreglustjóra og bifreiðaeftirlits um undanþágubeiðni skólanefndar.